



IÐN- OG TÆKNIFRÆÐIDEILD

B.Sc. í Rafmagnstæknifræði

Hönnun sírita fyrir rennsli hlutfylltra lagna

Desember, 2022

Nafn nemanda: Bjarki Guðjónsson

Kennitala: 080398-2209

Umsjónarmaður: Guðmundur Kristjánsson

Leiðbeinandi: Sverrir Óskar Elefsen

24 ECTS ritgerð til B.Sc. í Rafmagnstæknifræði

Iðn- og tæknifræðideild**Heiti verkefnis:**

Hönnun á sírita fyrir hlutfylltar lagnir

Námsbraut:

Rafmagnstæknifræði

Tegund verkefnis:

Lokaverkefni í tæknifræði BSc

Önn:

Haust 2022

Námskeið:

RTLOK1012

Ágrip:

Í þessu verkefni var hönnuð frumgerð að sírita fyrir hlutfylltar lagnir, með fyrirfram ákveðum skynjurum. Frumgerðin þarf að lesa af skynjurum á fimm sekúnda fresti, skrá niður mínútu meðaltal mældra gilda, ásamt því að skila gögnum á gagnaver.

Var það leyst með notkun Arduino tölvu og Sim7600.

Höfundur:

Bjarki Guðjónsson

Umsjónarkennari:

Guðmundur Kristjánsson

Leiðbeinandi:

Sverrir Óskar Elefsen

Fyrirtæki/stofnun:

Mannvit ehf.

Dagsetning:

16.12.2022

Lykilorð íslensk:Síriti, Arduino,
Sim7600**Lykilorð ensk:**Data logger, Arduino,
Sim7600**Dreifing:**opin lokuð

til:

Formáli

Verkefnið var unnið sem B.Sc.lokaverkefni í rafmagnstæknifræði við Háskólann í Reykjavík á haustönn 2022 og var það unnið í samvinnu við verkfræðistofuna Mannvit.

Sérstaklega vil ég þakka Mannvit fyrir að veita mér aðgang að aðstöðunni í Ögurhvarfi til skrifta og vinnu að lokaverkefni.

Þá vil ég þakka leiðbeinandanum mínum Sverri Óskari Elefsen fyrir góða leiðslu í verkefninu ásamt því að hleypa mér út að vinna í mælingum þegar hausinn var alveg að springa við skriftina. Án þess hefði verkefnið ekki orðið eins þar sem það leyfði mér að endurstilla hugann.

Jafnframt vil ég þakka Eylvallíu Kolbrúnu Ágústsdóttur og Sif Guðjónsdóttur fyrir vel unna yfirlit og lesningu. Án leiðréttingu þeirra á stafsetningu hefði líklega ekki verið hægt að skilja meira en tvær setningar í ritgerðinni.

Að lokum færi ég sérstakar þakkir til Borgþórs, kokksins í Mannvit fyrir einstaklega góðan mat í hádeginu. Án hans hefði lítið komist á blað þar sem erfitt getur reynst að skrifa þegar svengdin tekur völd.

Efnisyfirlit

Lykilsíða	i
Formáli	ii
Myndaskrá	v
Töfluskrá	vi
1 Inngangur	1
1.1 Uppsetning verkefnis	2
1.2 Markmið	2
2 Síritar	3
2.1 Síritun flæðis í hlutfylltri lögn	4
2.2 Skynjari í síritanum	5
2.3 Núverandi lausn Mannvits	6
3 Heili sírita	7
3.1 Uppbygging örtölvu	7
3.1.1 Örgjörvi (CPU)	7
3.1.2 Minnið	8
3.1.3 Inn- og útgangar	9
3.2 Valin örtölva	11
4 Fjarskipti	12
4.1 Mótun og kóðun	12
4.2 Flutningsrás	14
4.3 Truflanir	15
4.4 Fjarskiptalausnir sírita	16
4.4.1 Símkertið	16
4.4.2 LoRaWAN	17
4.4.3 SigFox	19
4.5 Valin fjarskiptalausn	19
5 Samskiptamátar raftækja	22
5.1 Serial samskipti	24
5.1.1 Universal Asynchronous Receiver/Transmitter (UART)	25

5.1.2	RS485 og RS232	26
5.1.3	Inter-Integrated Circuit (I2C)	26
5.1.4	Serial Peripheral Interface (SPI)	27
5.2	Modbus	28
5.3	AT skipanir	30
6	Samsetning síritans	31
6.1	Tengjast við skynjara	32
6.2	Koma gögnum á gagnaver Mannvits	35
6.3	Skrifa á SD kort	35
6.4	Forritun	36
7	Samantekt	38
7.1	Verðsamanburður	39
7.2	Vandamál sem komu upp við smíðina	39
7.2.1	SD kort	40
7.2.2	Sim7600	40
7.2.3	Modbus	41
7.3	Straumnotkun búnaðarins	41
7.4	Framtíðar viðbætur	42
8	Lokaorð	43
	Heimildir	44
	Viðaukar	50
A	Rásateikning	50
B	Forrit	51

Myndaskrá


1	Staðsetning vatnamælinga á vegum Mannvits [1].	1
2	Mismunur á sekúndu gildum og hlaupandi meðaltali.	3
3	Útskýringarmynd á flæði í lögnum [2].	4
4	Hugmynd af uppsetningu á síritum í hlutfylltum lögnum [8].	5
5	Samband tenginga innan örtölvu.	7
6	Uppbygging CPU [12].	8
7	Munurinn á mismunandi safntíðni á merkjagæðum [15].	10
8	Mismunandi upplausn merkis sem örtölva nær að lesa. Innmerki er alltaf sínus bylgja [14].	10
9	Uppbygging fjarskiptakerfa [20].	12
10	Munur á milli AM og FM mótnar, burðarbylgjan er það sem er eins í FM og AM [24].	13
11	Munur á milli ASK og FSK [25].	14
12	Séð hvernig suð getur truflað, vinstri myndin sýnir mikið suð en nánast ekkert suð er á hægri mynd [28].	15
13	Hvernig bjögun hefur áhrif á merki, efri mynd sýnir upprunalega merkið og neðri mynd það bjagaða [29].	15
14	Uppgefinn 4g dreifing Símans [31].	17
15	LoRaWAN dreifni frá Lýsi [38].	18
16	Munur á serial og parallel samskiptum [51].	23
17	Tenging á serial samskiptum [50].	25
18	Myndræn útfærsla á UART [54].	25
19	I^2C sending [56].	27
20	Tengimynd af SPI [54].	28
21	Blökkmynd af síritanum.	31
22	Hvernig er hægt að lesa spennumerki út frá straummerki.	33
23	Flæðirit forrits í síritanum.	37
24	Uppsetning prófun á frumgerðar.	38

Töfluskrá

1	Verð á núverandi síritum.	6
2	Eiginleikar fjarskiptalausna [35] [39] [41] [42] [43].	19
3	Samanburður á búnaði sem fjarskipta lausn [45] [46] [47].	20
4	Munur á serial og parallel [52].	23
5	Sýnir þær töflur sem geyma upplýsingarnar sem tækin geyma [58].	29
6	Fuction codes í Modbus samskiptum [58].	29
7	Hvaða merki skynjarar gefa frá sér og hvaða spennu þeir nota [3] [5].	32
8	Mismunur á nákvæmni á milli 10 bit og 16 ADC [3] [5].	34
9	Verð í frumgerð síritans [44] [71] [72] [62].	39
10	Straumnotkun búnaðar [17] [47] [63] [73] [74].	41

1. Inngangur

Verkfræðistofan Mannvit sérhæfir sig í verkefnum tengdum orku, iðnaði, mannvirkjagerð og vatnamælingum. Við vatnamælingar er notað ýmsar leiðir mælinga, hvort sem það er handmælingar eða sírítar að verki. Síriti er tæki sem mælir og skráir mælingar sjálfvirk (sjá kafla 2). Mannvit framkvæmir mælingar víðs vegar um land allt og má sjá staðsetningu mælistöðvanna á mynd 1.



Mynd 1: Staðsetning vatnamælinga á vegum Mannvits [1].

Verkefnum Mannvits í vatnamælingum má skipta í tvo flokka:

- Mælingar fyrir gagnasöfnum fyrir stærri verka, til dæmis virkjana kosti, stækkun hafnar-garðar eða þá vatnstaka.
- Almennar eftirlitsmælingar með vatni, til dæmis stöðu grunnvatns, vatnsgæði og fylgjast með rennsli í skolplögnum sem dæmi mætti nefna.

1.1. Uppsetning verkefnis

Uppsetning verkefnis var hugsuð þannig að smíða átta frumgerð sírita sem gæti mælt úti á mörkinni og skilað því til gagnavers Mannvits, svipað eins og núverandi síritar gera. Var þá hugsunin að geta smíðað lausn sem væri ódýrari en núverandi lausn Mannvits. Til að einfalda verkefnið var ákveðið að hanna sírita sem ætti að mæla í hlutfylltum lögnum (skolpi), frekar en sírita sem gæti mælt við allar aðstæður sem núverandi síritar geta. Einnig var verkefnið sett upp þannig að nota ætti sömu skynjara og Mannvit notar nú þegar. En til þess að mæla flæðið í skolplögnum þarf að geta mælt bæði hraða á vökvanum ásamt þverskurðarflatarmáli hans til að geta reiknað út flæðið.

1.2. Markmið

Markmiðin í lokaverkefninu eru:

- Finna tölvu sem getur lesið af skynjaranum og skráð það í minni.
- Geta geymt skráð gildi ef tæki verður rafmagnslaust.
- Geta skilað mældum gögnum til gagnavers Mannvits.


Virknilysing sírita skal vera þannig á 5 sekúnda fresti les hann gildi af mælum en skráir síðan einungis mínútu meðaltal í minnið, það er að segja meðaltal af seinustu 12 gildum. Síritinn skal síðan senda afrit af seinustu klukkustund til gagnavers Mannvits.

Einnig var þælt í straumnotkun tækis til að vita hversu lengi það getur keyrt á batterí.

2. Síritar

En hvað er síriti? Síriti er tæki sem les gildi af skynjara sem er innbyggður í tækið eða tengdur að utanverðu við hann. Skráir hann og geymir lesna gildið við tímastimpil, sem geymir hvaða ár, mánuður, dagur og klukkan er við lesningu. Hversu oft síritir mælir fer alfarið eftir hönnunarforsendum en þær geta verið stilltar á að mæla mörgum sinnum á sekúndu í að mæla einu sinni á dag eða sjaldnar.

Síritinn sem verður hannaður á að geta mælt á fimm sekúnda fresti en skráir síðan einungis niður mínútu meðaltal. Er það gert til að minnka þau suð sem geta verið í mælingum, sem skapast vegna öra breytinga. Má til dæmis nefna þegar það er verið að mæla vatnshæð sjávar, en þar hefur öldugangur áhrif á mælingar og myndar mikið suð. Suðið myndast vegna þess að ekki er hægt að tryggja að mælirinn hittir á sama stað á öldu, þar af leiðandi verða örar breytingar þegar hæð sjávarfalla er mæld. Ef mynd 2 er skoðuð má sjá áhrif þess að taka mínútumeðaltal.



Mynd 2: Mismunur á sekúndu gildum og hlaupandi meðaltali.

Svona suð getur einnig gerst í skolplögnum þar sem rennsli þar getur verið mjög flöktandi, því þarf að nota mínútu meðaltal til að hreinsa burt allt suð.

2.1. Síritun flæðis í hlutfylltri lögn

Hægt er að setja flæði hvers vökva fyrir sig upp með einfaldri formúlu.

$$Q = A \cdot \vec{v} \quad (1)$$


Þar sem:

$A [m^2]$ = Þverskurðarflatarmál af vökvanum, þ.e. vota flatarmálið.

$\vec{v} [m/s]$ = Meðalhraði vökva í sniðinu.

$Q [m^3/s]$ = Flæðið.

Til þess að geta síritað flæði á vökva þarf að mæla hraðann á vökvanum ásamt því að vita þverskurðarflatarmálið. Þetta er fremur einfalt ef um er að ræða fylltar lagnir þar sem þverskurðarflatarmálið er fasti og þarf því einungis að meta meðalstraumhraðann á vökvanum. Mynd 3 sýnir flæði í lögnum.



Mynd 3: Útskýringarmynd á flæði í lögnum [2].


En ef um hlutfylltar lagnir er að ræða þarf einnig að mæla þverskurðarflatarmálið vökvens, þar sem vatnsmagn getur breyst. Í öllum tilfellum er vota þverskurðarflatarmálið fundið út frá mælingum á vatnsdýpi í lögnum sem oftast er gert með þrýstinema.

2.2. Skynjari í síritanum

Til að mæla vatnshæðina í lögninni er skynjari frá Vegapuls að nafni C21, en það er mælir sem Mannvit hefur verið að nota til hæðarmælinga. Sá mælir notar radar til að mæla fjarlægð niður á vatnsborð [3]. Virkar hann þannig að skynjarinn sendir frá sér radar bylgju sem endurkastast til baka af yfirborðinu. Skynjarinn sjálfur bíður eftir því að endurkastið skili sér til baka inn í skynjarann. Mælir hann þá tímann sem radar bylgjan ferðast, og reiknar þá út fjarlægðina út frá tímanum. Vitað er hversu hratt radar bylgjan ferðast í lofti sem er á við ljóshraða, en ljóshraði er $2,998 \cdot 10^8$ m/s [4].

Til að mæla straumhraðann er skynjari frá Flow-tronics notaður sem heitir Beluga, en það er mælir sem Mannvit notar til vatnshraðamælinga. Er honum komið fyrir í botni lagnar og notar síðan úthljóðs Dopplersáhrifa (e. Ultrasonic Doppler effect) til að mæla straumhraðann á vatninu [5]. Beluga notar úthljóðsbylgjur til að mæla hraðann á vatninu svipað eins og Vegapuls C21. Beluga sendir út úthljóðsbylgjur í 45° halla á móti straumátt vökvans. Sendir Beluga út á tíðni A en fær til baka tíðni B, vegna Dopplersáhrifa (e. Dopplers effect) [6]. En Doppleráhrifin er það þegar viðtakandi upplifir tíðni breytinga vegna færslu sendis eða viðtakanda. Getur viðtakandi upplifað bæði tíðni aukningu eða tíðni rýrnun. Svipað eins og þegar bíll með sírenu ekur fram hjá [7]. En Beluga neminn reiknar út hraðann út frá tíðni mismun á A og B, þar sem vökvinn ýtir endurkastinu frá A hraðar til baka.

Til að sjá hvernig uppsetning skynjara er hugsuð er hægt að skoða mynd 4.



Mynd 4: Hugmynd af uppsetningu á síritum í hlutfylltum lögnum [8].

2.3. Núverandi lausn Mannvits

Mannvit setur síritun í skólplögnum upp sem tvær tegundir að lausnum í dag, sem eru annars vegar skammtímamælingar sem telur í vikum eða langtímamælingar sem er sett upp sem varanlega stöð með það í huga að hún verði ekki tekin niður á næstu árum. Það eru notaðar mismunandi aðferðir við þessar tegundir mælinga, en þegar kemur að skammtímamælingum er notaður síriti sem heitir **Hach FL900** sem mælir bæði vatnshæð og vatnshraða til að finna rennsli. En við langtímamælingar er notaður síriti frá **Campell**, en þar er einungis mæld vatnshæð. Til að reikna út rennslið er fundið sambandið á milli vatnshæðar og rennslis með því að framkvæma skammtímamælingar á rennsli og borið það saman við síritaða vatnshæðarmælingu og út frá því er svokallaður rennslislykill fundinn, en hann segir til um samband vatnshæðar og rennslis.

Ástæða þess að einungis er mælt hæðina í langtímamælingum er að ýmislegt sem finnst í skólpi á það til að festast í hraðaskynjara, þar sem hann er ofan í skolpinu með þeim afleiðingum að hraðaskynjari hættir að mæla rétt.

Báðir síritar eru fremur dýrir en verð á þeim má sjá í töflu 1. Í töflu 1 er miðast við að 1 USD sé 141 ISK þann 25.11.2022 [9].

Tafla 1: Verð á núverandi síritum.


	Verð [USD]	Verð [ISK]
Campell	1100	155100
Hach FL900	2800	394800

3. Heili sírita

Þegar síritar eru smíðaðir er oft notað örtölvu (e. Microcontroller) sem sér um allt sem kemur að síritanum. Það er að lesa merkið frá skynjara, vinna með það ef þess þarf, og skrá það niður í minni.

3.1. Uppbygging örtölvu

Uppbygging örtölva er í grunninn samsetning örgjörva (e. Central processing unit), sveifluvaka (e. oscillator), minnis, inn- og útganga (e. I/O unit), hliðræn til stafræn breyta (e. AD converter) ásamt fleiru er sett saman í einn íhlut, sem myndar örtölvu. Örgjörvi, sem er skammstafað CPU er kjarninn í örtölvunni en hann sér um að tala við alla hina íhlutina, eins og sést á mynd 5 [10].




Mynd 5: Samband tenginga innan örtölvu.

3.1.1. Örgjörvi (CPU)

Örgjörvi eða CPU, er heilinn á bak við örtölvuna. Er það í honum sem allar aðgerðir eru framkvæmdar. Mynd 6 sýnir uppbyggingu örgjörva. Örgjörvi hefur síðan tvær megin einingar:

- Reikni og rökverk (e. Arithmetic logic unit) eða ALU.
- Stýriverk (e. Control unit) eða CU.

CU er undirstaðan á örgjörvanum, það sér um að upplýsingar frá minni fara á réttan stað í réttri röð í örgjörvanum og ALU sér um hvernig á að bregðast við inn- og útgagnsmerkjum. ALU sér einnig um að framkvæma allar aðgerðir eins og útreikninga og stjórnun á inn- og útgöngum [11] [12].



Mynd 6: Uppbygging CPU [12].

Við hvern örgjörva er tengdur sveifluvaki sem gefur út klukkupúlsa. Hraði klukkupúlsanna er það sem ræður því hve hratt örgjörvinn getur unnið. Þar sem hann getur einungis framkvæmt eina aðgerð við hvern klukkupúls, ein aðgerð getur verið til dæmis útreikningur, kveikja á útgögum eða lesa af útgöngum [13].

3.1.2. Minnið

Örtölvur hafa tvær gerðir af minni en þau eru:

- Lesminni (e. Read-only memory) eða ROM.
- Vinnuminni (e. Random-access memory) eða RAM.

ROM er það minni sem ekki er hægt að breyta auðveldlega þar sem þetta geymir upplýsingar um hvernig örtölvun á að haga sér. En geymir það upplýsingar um forritunarkóða örgjörvans. Upplýsingarnar sem eru geymdar í ROM hverfa ekki í straumleysi [12].

RAM er minnið sem geymir upplýsingar um stöðu á örgjörva á meðan örgjörvi er í keyrslu. Þar af leiðandi eyðist allt í þessu minni við straumleysi [12].

3.1.3. Inn- og útgangar

Til þess að örtölvur geti haft samskipti við umheiminn, þurfa þær að vera með einhverja inn og útganga. Allir inn- og útgangar eru stafrænir (e. digital) og ná því einungis að lesa stafræn merki en ekki hliðræn (e. analog), nema hafa einhverja breytu á milli. En stafrænt merki er annað hvort af eða á eins og 0V er af og 5V er á, á meðan hliðrænt getur verið allt á milli 0-5V.

Þá til að geta lesið hliðrænt merki þarf að nota hliðræna til stafræna breytu (e. analog to digital converter) eða ADC eins hún er skammstöfuð. En hún sér til að örgjörvinn geti lesið hliðræn merki. Alltaf er einhver skekkja í þessum ADC breytum en nákvæmni hennar ræðst af því hversu há safntíðnin (e. sampling rate) er ásamt því hver mikil upplausnin (e. Resolution) er [14].

Safntíðni segir til um hversu ört breyta les á hliðræna merkið á hverri sekúndu, sem er gefið upp í tíðni. Til að finna út hver safntíðnin er, er hægt að nota formúlu 2.

$$f_s = \frac{1}{T} \quad (2)$$

$f_s[Hz]$ = Safntíðni.

$T[s]$ = Tími milli lesningar.


Til að tryggja að safntíðnin sé nægilega góð er hægt að beita Nyquist setningu (e. Nyquist Theorem). En hún segir að safntíðnin skuli vera að minnsta kosti tvisvar sinnum stærri en hæsta mögulega tíðni í merki, sem hún á að geta lesið. Sjá má jöfnu Nyquist setningu í jöfnu 3 [14].

$$f_s = 2 \cdot f_{max} \quad (3)$$

$f_s[Hz]$ = Safntíðni.

$f_{max}[Hz]$ = Hæðsta mögulega tíðni sem á að mæla.

Þannig því hærrí sem safntíðnin er, því betur er hægt að lesa inn upprunalega merkið. En ef mynd 7 er skoðuð má sjá hversu mikil áhrif það hefur að hafa safntíðnina nægilega góða til þess að örtölvun geti lesið merkið vel.



Mynd 7: Munurinn á mismunandi safntíðni á merkjagæðum [15].

Upplausn á ADC segir til um hversu mikil skekkja er á merki sem lesið er inn. Notaðir eru bitar (e. bits) til að segja til um nákvæmni ADC þar sem merkinu er deilt niður í 2^{bit} bita. Hægt er að setja þetta upp í einfaldri formúlu 4 [14].


$$V_{bit} = \frac{V_{ref}}{2^N} \quad (4)$$

$V_{bit}[V]$ = Spenna sem einn biti tákna.

$V_{ref}[V]$ = Hæsta spenna sem ADC breyta ræður við.

N = Bitastærð ADC.

Virkar það þannig að merkið er bútað niður í 2^N gildi, því stærra sem N er því nákvæmnari er upplausn á merkinu. Eins og sést á mynd 8 þá er mikill munur á því að hafa 1 bit, 4 bit, 8 bit eða 16 bit ADC.



Mynd 8: Mismunandi upplausn merkis sem örtölva nær að lesa. Innmerki er alltaf sínus bylgja [14].

3.2. Valin örtölva


Til eru margar örtölvur sem henta í að smíða sírita. Hér eru tvær örtölvur sem henta miðað við hönnunar forsendur (kafli 1.2):

- **Arduino**, er opin búnaður (e. open-source), en í því fær maður bæði örtölvu ásamt því að fá hugbúnað til að forrita hana. Arduino er þægileg í notkun þar sem auðvelt er að koma forriti í hana ásamt því að hún er vinsæl. Einnig er mikið til af upplýsingum um hana. Takmarkandi þáttur er hve fá forritunar mál er hægt að nota í hennina [16]. Arduino getur verið að nota á 11 til 98 mA í keyrslu [17] .
- **Raspberry PI**, er opinn búnaður, en það er tölva sem er á stærð við kreditkort. Ekkert takmark er á hvaða forritun er notuð við að forrita búnaðinn, því er hægt að nota hana í fleiri tilvikum en Arduino. Hins vegar er straumnotkun meiri en er hún á bilinu 100 til 140 mA [18] [19].

Fyrir þetta verkefni var Arduino notað fyrir sírita fremur en Raspberry PI, vegna þess að Arduino notar minna afl þegar hún er í keyrslu. Einnig ef siritinn myndi missa allan straum myndi hann byrja stax aftur eins og frá var horfið. En það gerir Arduino tölvan alltaf en á Raspberry PI gæti það klikkað.

4. Fjarskipti

Til þess geta skilað inn mælingum frá mörkinni til gagnavers Mannvits þarf að nota fjarskipti. Fjarskipti eru í grunninn leið til að geta haft samskipti milli tveggja staða með skilvirkum máta. Uppbygging fjarskipta kerfa má sjá á mynd 9 en uppbygging þess er að á sendingarstað eru upplýsingar sem þarf að koma frá punkti A (mörkin) til punkts B (gagnavers Mannvits). Þessar upplýsingar fara því í sendi (e. transmitter) en hann undirbýr upplýsingar með kóðun (e. encoding) eða mótun (e. modulation) og sendir þær út á flutningsrás (e. channel). Þegar skilaboðin komast til móttakarans (e. receiver) sem er að hlusta á rásina afkóðar (e. decode) eða afmótar hann þá skilaboðin og skilar því á áfangastað. Á leiðinni milli A og B geta truflanir á formi suðs (e.noise) eða bjögunar (e. distortion) komist inn í merkið, með þeim afleiðingum að upplýsingarnar skili sér ekki [20].



Mynd 9: Uppbygging fjarskiptakerfa [20].


4.1. Mótun og kóðun

Mótun og kóðun í fjarskiptakerfum er leið til þess að þjappa upplýsingum við burðarbylgju, er það gert með því að breyta eiginleikum burðarbylgjunnar. En burðarbylgja er það sem er sent út til viðtakanda, eins og útvarpsbylgjur sem eru á sviðinu 3KHz til 300Gz. Dæmi á þessu sviði er WIFI á 2,4GHz, útvarp 88MHz - 104MHz og VHF talstöðvar á 30-299MHz. Munur á mótun og kóðun felst í því hvort að upplýsingar sem á að senda séu hliðrænar (e. analog) eða stafrænar (e. digital) upplýsingar. Þar sem mótun er notuð þegar merki er hliðrænt og kóðun ef merkið er stafrænt. Almennt er það því lægri sem tíðnin er, því lengra drifur það. Á móti kemur að á hærri tíðnum er hægt að koma hraðar upplýsingar til viðtakanda [21] [22] [23].

Hagkvæmmin í því að nota mótun er að hægt er að fara með upplýsingar lengri vegalengdir sem annars væri ekki hægt. Má nefna til dæmis talstöðvar, en erfitt er að reyna tala við einhvern sem stendur langt í burtu, er því hægt að nota til dæmis VHF talstöðvar þá er hægt að tala saman í meira en 50 km fjarlægð [23]. Dæmi um mótun:

- **FM mótun.** Þá er tíðni burðarbylgjunnar breytt í samræmi við merkið en styrkleiki er sá sami [21].
- **AM mótun.** Þá er tíðni á burðarbylgjunnar haldin sú sama en styrkleikanum er breytt í samræmi við merki [21].

Mynd 10 sýnir FM og AM mótun í mynd.




Mynd 10: Munur á milli AM og FM mótunar, burðarbylgjan er það sem er eins í FM og AM [24].

Á sama skapi er kóðun notuð til þess að upplýsingar komist lengri vegalengdir með því að breyta eiginleikum burðarbylgjunnar. Dæmi um kóðun:

- **Frequency-shift keying** eða FSK kóðun. Þar eru notaðar tvær tíðnir til að merkja hvaða stafræna merki er verið að senda [21].
- **Amplitude Shift Keying** eða ASK kóðun. Það virkar svipað eins og AM þar sem styrkur á til að tákna mismunandi merki [21].

Mynd 11 sýnir FSK og ASK kóðun í mynd.



Mynd 11: Munur á milli ASK og FSK [25].

4.2. Flutningsrás

Burðarbylgjan sem er búið að blanda upplýsingum við er síðan send út á rás eða á burðarmiðil. En burðarmiðill er það sem tengir sendi og móttakarann saman, þannig að samskipti geta verið á milli þeirra. Hægt er að skipta burðarmiðlinum upp í tvo flokka [26].


- **Práðbundin fjarskipti**, þar sem leiðari/þráður er lagður milli tveggja staða sem burðarmiðill. Til dæmis ljósleiðari, kóax kapall, kopar vír eða netstrengur [26].
- **Práðlaus samskipti**, þar sem loftið er notað sem burðarmiðill. Til dæmis Wifi, útvarp, símakerfið og talstöðvar [26].

Kostir og gallar eru við hvort tveggja en helst er að nefna í þráðlausum fjarskiptum er auðveldara að bæta við sendistöðum og móttökustöðum, þar sem loftið er notað til að tengja tæki saman. Aftur á móti hefur loftið takmarkandi flutningsgetu og ekki hægt að auka það, en hægt er að bæta endalaust af vírum til að auka flutningsmagn. Það er hins vegar tímafrekt og kostnaðarsamt, sérstaklega ef það þarf að fara langar vegalengdir [26].

4.3. Truflanir


Allar þær truflanir sem verða á merkinu á meðan það er verið að senda það, hafa áhrif hvort allar upplýsingar skili sér alla leið. Tvær helstu truflanir eru **suð** og **bjögun** [27].

Suð er það þegar auka upplýsingar komast inn í merkið. Ef suðið verður of mikið getur það skyggt fyrir upplýsingarnar sem er verið að reyna senda, sem veldur því að viðtakandi áttar sig ekki á því hvað var sent. Má nefna til dæmis eins og í mikilli mannþröng þar sem er mikill kliður, getur reynst erfitt að heyra í félagamanns sem stendur við hliðina á sér vegna kliðurs. Má því flokka kliður sem suð [27]. Mynd 12 sýnir hvernig suð hefur áhrif á merki.



Mynd 12: Séð hvernig suð getur truflað, vinstri myndin sýnir mikið suð en nánast ekkert suð er á hægri mynd [28].

Bjögun er hins vegar þegar upplýsingarnar aflagast á einhvern hátt, til dæmis ef merki missir styrk eða tíðnibreyting verður á merkinu. Þetta veldur því að erfitt getur reynst að skilja þær upplýsingar sem koma til viðtakanda. Má hugsa til dæmis einhvern sem er á mútur tímabilinu en þá getur viðkomandi lent í því að rödd hans bjagast eitthvað og erfitt reynist að heyra hvað hann sagði [27]. Mynd 13 sýnir mismun á milli merki og merki sem hefur orðið fyrir bjögun.



Mynd 13: Hvernig bjögun hefur áhrif á merki, efri mynd sýnir upprunalega merkið og neðri mynd það bjagaða [29].

4.4. Fjarskiptalausnir sírita

Þar sem síritar eru oft staðsettir úti í mörkinni, langt frá öllum innviðum eru þráðbundin fjarskipti óhagkvæm. Því notast síritar mikið við þráðlaus samskipti. En að velja réttan fjarskiptamáta getur verið flókið þar sem til eru yfir 30 tegundir af þráðlausum fjarskiptamöguleikum [30]. Þeir fjarskiptamöguleikar sem geta hentað vel fyrir síritann sem á að hanna eru þráðlaus fjarskipti sem hafa drægni sem er meira en 5 km :


Dæmi um fjarskipti með langa drægni eru:

- **Símkerfi**
- **LoRaWAN**
- **SigFox**

Þegar valið er flutningskerfi þarf að huga að hentugleika og straumnotkun á kerfinu. Einnig þarf að hafa í huga að kerfið þarf að ráða við að senda skrá sem inniheldur klukkustundar löng gögn eða lengra. Skrá sem var gerð í tölvu með gervi gögnum fyrir tvo nema í klukkustund var um 500 bytes, fjarskiptalausnin þarf að geta minnsta kosti ráðið við það. Nánar er skoðað hvern og einn í köflum 4.4.1, 4.4.2 og 4.4.3 hér að neðan.

4.4.1. Símakerfið

Þegar það kemur að nota símakerfið til gagnaflutninga er hentugleiki í því þar sem miklir innviðir eru nú þegar til staðar, sem veldur því að mikil dreifing er á því um allt land. Því þarf síritinn einungis að vera með búnað sem getur tengst við símakerfið, til að geta flutt gögn á áfangastað. Mynd 14 sýnir hversu mikla dreifing bara símin hefur á Íslandi.



Mynd 14: Uppgefinn 4g dreifing Símans [31].

Það var árið 1993 sem fyrst var hægt að nota símkerfið til gagnaflytninga með komu 2g tækni oft kölluð GSM. Þó að fyrst um sinn var einungis hægt að senda SMS, en með komu 3g árið 2001 sem hægt var senda mun stærri skjöl, til dæmis tölvupóst. En með komu 4g árið 2009 var hægt að nota myndsímtöl til þess að tala saman þar sem hraðinn á gagnaflytningum var búinn að aukast það mikið. En munurinn var að 2g lofaði hraða upp á 0.065Mbps, 3g 8Mbps og 4g 50 Mbps [32].


Ef ákveðið er að nota símkerfi þarf að hafa búnað sem notar 4g tæknina, þar sem það verður lagt niður 2g og 3g útsendingar á næstu árum hér innanlands [33]. Drægni á 4g tækni getur verið allt að 35 km í bestu aðstæðum [34].

Til þess að senda upplýsingarnar með 4g er oftast notaður búnaður sem tengir síritann við 4g kerfið svipað eins og 4g ráðar. Við að velja 4g verður ekkert takmark á því hversu stór skráin getur verið sem á að senda. Á móti kemur eyðir sá búnaður miklum straum, sem er óhentugt því síritar eru yfirleitt keyrðir á batteríum. En búnaðurinn getur verið að nota allt að 2500mA í sendingu þó að oftast er það í kringum 800mA [35].

4.4.2. LoRaWAN

LoRaWAN er fjarskiptakerfi sem er lágorku hádrægni kerfi. Er það mikið notast fyrir batterís nema sem eiga ekki að mæla mjög ört [36].

Lítið er verið að nota LoRaWAN á Íslandi en þó er einhver dreifing á því, en hún bundin við stór Höfuðborgarsvæðið. Til að geta notað LoRaWAN fyrir síritann þyrfti að setja upp innviði til þess að geta haft samband við búnaðinn. En búnaður sem notar LoRaWAN er gefinn upp að hafa drægni upp að 20 km við bestu aðstæður [37]. Mynd 15 sýnir uppgefna dreifingu sem Lýsir hefur.



Mynd 15: LoRaWAN dreifni frá Lýsi [38].

LoRaWAN hefur takmark á því hve stórar gagnasendingin getur verið í einni sendingu, en það er 243 bytes [37]. Fyrir stóra gagnasendingar þarf að senda marga pakka í einu með tilheyrandi straumnotkun en hver sending notar um 110 mA. Gagnahraði á LoRaWAN er hægur en hraðinn er upp að 27 kbit/s [39].

4.4.3. SigFox

SigFox er fjarskiptakerfi sem er lágorku hádrægni kerfi. Er það mikið notast fyrir batterísnema sem eiga ekki að mæla mjög ört [40].

SigFox er sú fjarskiptalausn sem er minnst notuð hérna á landi enda er enginn aðili að dreifa henni um landið, þannig til að nota SigFox þyrfti að fara í mikla innviða uppbyggingu. En búnaður sem notar SigFox getur haft drægni upp að 40 km við bestu aðstæður. SigFox hefur einnig takmörk á því hversu stór gagnasending getur verið við eina sendingu, en það er 12 bytes. Því þyrfti að senda margar sendingar í einu, með tilheyrandi straumkostnaði [37]. Ein sending á SigFox notar um 50 mA við hverja sendingu og er gagnahraði upp að 100 bit/s [39].

4.5. Valin fjarskiptalausn

Eins og sagt var í kafla 4.4 þá þarf fjarskiptalausnin sem valin er að geta sent gagnapakka langar vegalengdir, straumnotkun ekki of mikil og geta sent yfir um klukkustundar löng gögn. Einnig er gott að hafa í hug hverjir innviðir eru í landinu núna, þar sem það skapar þægindi að þurfa ekki að huga að innviðauppbyggingu.

Tafla 2: Eiginleikar fjarskiptalausna [35] [39] [41] [42] [43].

	Símkerfið	LoRaWAN	SigFox
Innviðir til staðar	Mikið	Lítið	Ekkert
Mesta fjarlægð	40 km	20 km	40 km
Mesta stærð á skrá	fræðilega óendaleg	222 bytes	12 bytes
Straumnotkun í sendingu	~ 800mA	~ 110mA	~ 50mA

Tafla 2 sýnir vel samanburð á þeim fjarskiptalausnum sem voru efnilegar í siritann. Símkkerfið var metið besti kostur þar sem mestir innviðir eru til staðar ásamt því að það getur sent klukkustunda löng gögn eða meira, án þess að þurfa brjóta þær upplýsingar niður í fleiri og minni sendingar. Vegur það þyngra heldur en straumnotkun þótt að símkkerfið kemur verst út þar.

Þarf því að finna einhvern búnað sem myndi þá nota símkerfið til að geta komið upplýsingum yfir á gagnaver Mannvits frá mörkinni. Búnaðurinn þarf annað hvort að geta verið stjórnað af Arduino, eða þá að geta lesið af skynjurunum og komið þeim á gagnaverið. En búnaður sem fannst sem hentug fjarskiptalausn á síritann var:

- **Sim7600CE Arduino skjöldur.** Það er búnaður sem hægt er að tengja við Arduino, sem hægt er að nota sem síma, GPS og tengjast símkerfinu til gagnaflytninga [44].
- **Arduino MKR NB 1500.** Það er Arduino tölva sem hefur innbyggðan búnað til þess að tengjast 4g símkerfinu [45].
- **nRF9160 DK.** Það er búnaður til þess að geta tengst 4g símkerfinu og lesið af skynjurum [46].

Þegar það kom að velja búnaðinn sem átti að nota, var gert mat á hversu auðvelt væri að nota búnaðinn. Færi það eftir reynslu á búnaði og hve miklar upplýsingar um búnaðinn væri hægt að finna á netinu. Einnig var lagt mat á hvort að búnaðurinn hefði einhvern aukabúnað sem gæti nýst vel í síritann.

Tafla 3: Samanburður á búnaði sem fjarskipta lausn [45] [46] [47].

	Opnar upplýsingar	Aukabúnaður	Straumnotkun
Sim7600CE	Mikið	SD, GPS	3.3 mA
Arduino MKR NB 1500	Mikið	Enginn	190 mA
nRF9160 DK	Lítið	GPS	.009 mA

Tafla 3 sýnir samanburð á þessum búnaði sem var skoðaður. Við samanburð á þessum þremur þá virðist Sim7600 henta best miðað við forsendurnar. Þar sem Sim7600 hefur auka möguleika sem geta nýst í síritann. En GPS eða Global Positioning System er hægt að nota til að leiðrétta rauntímaklukkuna í síritanum, þó að það sé mest notað til að staðsetja fólk eða búnað [48]. Sim7600 hefur líka þann eiginleika að geta lesið af SD korti þannig að hægt er að senda upplýsingar af því.


Sim7600 er módem búnaður til þess að geta tengst við símkerfið/Internetið hvort sem er með því að hringja eða senda upplýsingar í gegnum það. En módem er þá búnaður sem myndar tengingar fyrir Internetið á milli staða A og B. Á heimilum er módemíð það sem kemur með Internetið inn í hús og ráðerinn sér síðan um að tengja tækin á heimilinu við módem sem gerir það kleyft að tækin komist á Internetið [49].

5. Samskiptamátar raftækja

Til að geta komið upplýsingum á milli raftækja er notaðir staðlaðir samskiptamátar þannig að tækin geti haft samband við hvort annað, svipað eins og tungumál. Þessir samskiptamátar eru jafnólíkir eins og þeir eru margir [50].

Þegar það er verið að senda upplýsingar milli tækja er upplýsingum komið fyrir í röð sem eru annað hvort 0 eða 1 sem tækin geta þá skilið, oft talað um sem bitar (e. bits). En 8 bitar eru eitt bæti (e. byte). Hver biti stjórnast af því hver rökrásaspennan (e. Logic level) er, sem er yfirleitt skilgreind $V_{\text{logic level low}} = 0$ og $V_{\text{logic level high}} = 1$. Getur hún verið mishá á milli tækja, þarf því að athuga hvort að tækin hafi sama logic level áður en þau er tengd saman. Þar sem of hátt logic level getur skemmt tæki og of lág logic level getur misskilist. Til dæmis ef að tæki A notar 5V logic level en tæki B notar 3.3V. Ef tækin eru þá tengd saman getur A skemmt B, þar sem 5V er hærra en 3.3V. Tæki A getur lent í því að skilja ekki tæki B, þar sem A vill fá 5V sem 1 ekki 3.3V og misskilið það sem 0. En til þess að leysa það vandamál er hægt að setja rökrása spennubreyti (e. logic level shifter) á milli. Logic level shifter breytir spennunni á milli þannig að tæki A og B geta talað saman án vandræða [50].

Upplýsingar sem fara á milli tækja A og B er oftast bútað niður í eitt byte áður en það er sent eftir rásinni sem tækin eru tengd saman. Samskiptin sem tæki A og B geta notað má skipta upp í tvo megin flokka, sem eru annað hvort samsíða sendingar (e. parallel communication) eða raðsendingar (e. serial communication) samskipti. Munurinn á þeim er að í parallel eru notaðir átta víra til að senda eitt byte í einu en í serial samskiptum er einn vír og er byte-inu bútað niður í átta bita og er einn biti sendur í einu [50]. Mynd 16 sýnir munin á parallel og serial.



Mynd 16: Munur á serial og parallel samskiptun [51].

Kostir og gallar eru við bæði serial og parallel. Til dæmis má nefna að serial samskipti eru almennt mikið hægar en parallel þar sem í parallel er hægt að senda fleiri bita í einu. Á móti kemur að serial er yfirleitt mun hentugra þar sem það þarf oftast einn vír til að senda upplýsingar, en í parallel þarf marga víra til að senda fleiri upplýsingar í einu. Það veldur því að serial er yfirleitt mun ódýrara en parallel. Tafla 4 sýnir almennan samanburð á milli serial og parallel [52].

Tafla 4: Munur á serial og parallel [52].

	Serial	Parallel
Gagnahraði	Hægt	Hratt
Vírafjöldi	Einn	Margir
Verð	Látt	Hátt
Skalanleiki	Auðvelt	Erfitt

Oftast eru serial samskiptin notuð þar sem fjöldi pinna er takmarkaður á íhlutum og því hentar betur að nota serial. En sá búnaður sem notaður var við síritann var hannaður fyrir serial.

5.1. Serial samskipti

Til þess að serial samskipti geti virkað þarf að vera einhver leið til að greina í sundur hvenær hver og einn biti kemur. Er notast við tvær aðferðir til þess sem eru:

- **Samfasa** (e. **synchronous**).
- **Ósamfasa** (e. **asynchronous**).


Helsti munurinn á þessum leiðum er að í samfasa er notaður klukkuvír til að greina bitanna á milli en í ósamfasa er fyrirfram ákveðnar reglur skilgreindar til þess að vita hvenær bitarnir koma. Hefur þetta allt sína kosti og galla en má nefna að samfasa eru hraðari en í samanburði við ósamfasa [53].

Þegar það er talað um serial samskipti er nær alltaf verið að tala um ósamfasa samskipti, en þegar það kemur að samfasa samskiptamátum fá þeir yfirleitt sér nafn þar sem þeir geta verið mjög mismunandi. Dæmi eru til dæmis I^2C (kafi 5.1.3) og SPI (kafi 5.1.4).

Þegar það kemur að ósamfasa samskiptum þurfa að vera reglur til staðar, þannig að tækin geti skilið hvort annað. Fyrirfram skilgreindar reglur eru:

- **Baud rate**, segir til hversu hratt á að senda gögnin [50].
- **Data bits**, er stærð gagnasendingar [50].
- **Synchronization bits**, er notað til að tryggja að tækin lesi bita á réttum tíma [50].
- **Parity bits**, mjög einföld villuathugun til að skoða hvort sending heppnaðist eða ekki [50].

Serial samskiptin nota alltaf tvo pinna sem heita receive eða **RX**, og transmit eða **TX**. Til þess að tæki A getur tala við tæki B með serial þarf að víxla tengingum á RX og TX á tækjum. Þannig að RX á tæki A að fara í TX á tæki B og öfugt. Sjá mynd 17. Einnig þarf að tryggja að tækin hafi sameiginlegan viðmiðunar punkt (GND) þar sem Logic level getur orðið mismunandi þó að tækin hafi sömu logic level en þau miða ekki við sama punkt[50].




Mynd 17: Tenging á serial samskiptum [50].

Þessi samskipti geta síðan verið annað hvort einþátta sending (e. half-duplex) eða tvístefnu sending (e. full-duplex). Half-duplex samskipti er þegar tækin geta bara hlustað eða sent í einu, eins og talstöðvar. Full duplex er þegar tæki geta sent og hlustað á sama tíma, eins og sími [50].

5.1.1. Universal Asynchronous Receiver/Transmitter (UART)

Universal Asynchronous Receiver/Transmitter eða UART eru samskipti þegar parallel upplýsingum í tæki A er umbreytt yfir í serial upplýsingar til að geta sent á tæki B. Á stað A eru parallel upplýsingar til dæmis gildi mismunandi átta innganga sem þurfa að komast á stað B. Til að einfalda sendinguna er hentugt að umbreyta upplýsingum með UART. Þá sparast sex vólar sem annars þyrfti að leggja á milli. Á stað B er upplýsingunum aftur breytt í parallel með UART [54]. Sjá mynd 18.

UART er ósamfasa samskipti og notar því, eins og áður hefur verið nefnt, baud rate, data bits, synchronization bits og parity bits til að greina í sundur gagnasendingar [54].



Mynd 18: Myndræn útfærsla á UART [54].

5.1.2. RS485 og RS232

RS485 og RS232 eru vinsælir serial samskiptamátar sem hafa verið til í nær hálfa öld. Nota þeir svipaðar aðferðir til að senda upplýsingar á milli en munurinn á þessum samskiptamátum er [55]:


- **Lengsta mögulega vegalengd.** RS232 nær upp í 15 m en RS485 nær allt að 1200 m [55].
- **Vörn gegn truflunum.** RS232 er mjög veikt fyrir truflunum á meðan RS485 er það ekki [55].
- **Mögulegur fjöldi tækja á samskiptalínu.** RS232 getur einungis verið á milli tveggja tækja en RS485 ræður við allt upp að 30 tæki séu tengd saman [55].
- **Gagnahraði.** RS232 ræður við upp að 1 Mbit/s en RS485 upp að 10 Mbit/s [55].

Þó að þessir samskiptamátar séu mjög líkir er ekki hægt að tengja þá sama nema hafa breyttu á milli [55].

5.1.3. Inter-Integrated Circuit (I2C)

Inter-Integrated Circuit eða I^2C er samfasa samskiptamáti sem notar einungis tvo víra til að geta talað á milli. Hafa þessir vírar fengið nöfnin Serial Data eða **SDA**, og Serial Clock eða **SCL**. En þá eru gögnin send eftir SDA og klukkupúlsinn er á SCL. Hægt er að tengja allt að 1008 tæki við þetta kerfi, þar sem hvert og eitt tæki fær sitt vistfang (e. address). Virka þessi samskipti þannig að það er einn stjórnandi (e. Controller) og restin er jaðartæki (e. Peripherals) [56].

Virka samskiptin þannig að stjórnandi byrjar að senda út skilaboð um að hann sé að fara að byrja samskipti, með því að byrja klukkuna á SCL. Eftir það sendir hann út vistfangið á SDA og hvort hann sé að fara að skrifa eða lesa af tækinu. Það jaðartæki sem á vistfangið svarar með staðfestingar (e. acknowledge) bita eða ACK til að láta stjórnandann vita að jaðartækið sé viðstatt. Eftir það sendir stjórnandi hvað hann vill og jaðartækið svarar. En upplýsingarnar eru alltaf bútaðar niður í 8 bita og ACK bita er sendur á milli til þess að tryggja að allar upplýsingarnar hafi skilað sér [56]. Á mynd 19 sést hvernig sendingu er bútað niður.


Mynd 19: *I²C* sending [56].

5.1.4. Serial Peripheral Interface (SPI)

Serial Peripheral Interface eða SPI er samfasa samskiptamáti sem notar 4 víra til að eiga samband á milli tækja. Hafa þessir víra fengið nöfnin: [54]:

- **MOSI**, það er að segja stjórnandi út og jaðartæki inn.
- **MISO**, það er að segja stjórnandi inn og jaðartæki út.
- **SCLK**, sem er serial klukkan.
- **SS/CS**, það er að segja pinni til að velja jaðartæki.

Þessi samskiptamáti virkar þannig að stjórnandi notar SS/CS pinnann til virkja það jaðartæki sem stjórnandinn vill tala við. Eftir að það eru upplýsingar frá stjórnandanum í jaðartækið með MOSI línunni og ef að jaðartækið þarf að svara notar hann MISO línu. Þetta veldur því að SPI er full duplex þar sem stjórnandi getur verið að senda upplýsingar á sama tíma og hann er að fá. Dæmigerð tengimynd má sjá á mynd 20 [54].



Mynd 20: Tengimynd af SPI [54].

Það sem gerir þennan samskiptamáta enn sérstæðan samskiptamáta miðað við aðra sem hafa komið fram, þá koma gagna sendingar ekki í bútum heldur er allt sent í einu. Þetta veldur því að SPI er næstum því tvöfalt hraðari en I^2C . Aftur á móti hefur SPI þann ókost að tækin vita ekki hvort að sendingar heppnuðust eða ekki. Þar sem ekkert er sent til að athuga hvort sending heppnaðist eða ekki [54].

5.2. Modbus

Modbus er samskiptamáti sem notar RS485 yfir UART til þess að tengja iðntölvur, skynjara, loka eða mótorá saman. Beluga hefur Modbus samskipta möguleika. Modbus-inn er byggður svipað og I^2C þar sem það er einn stjórnandi (e. Controller) og mörg jaðartæki (e. Peripherals), sem öll hafa sitt hvort vistfangið (e. address). Virkar það þannig stjórnandi sendir út á samskiptalínuna hvað hann vill fá og frá hvaða vistfangi og tæki með vistfangið svarar [57].

Upplýsingarnar í tækjunum eru geymdar í fjórum mismunandi töflum. En til að geyma af/á stöður eru notaðar tvær töflur sem kallast spólur (e. coils) og skiptast spólutöflurnar upp í inn- og útganga. Töluleg gildi eru geymd í hinum tveimur töflunum sem kallast gisti (e. register), register töflurnar eru einnig skipt upp í inn- og útganga. Til þess að lesa eða skrifa inn í töflurnar þarf að nota vistfang (e. address) til þess að geta farið beint í rétta gildið. Í hverju töflu fyrir sig getur verið 9998 gildi. En tafla 5 sýnir upplýsingatöfluna sem Modbus hefur um að ráða [58].

Tafla 5: Sýnir þær töflur sem geyma upplýsingarnar sem tækin geyma [58].

Coil/Register Numbers	Data Addresses	Type	Table Name
1-9999	0000 to 270E	Read-Write	Discrete Output Coils
10001-19999	0000 to 270E	Read-Only	Discrete Input Contacts
30001-39999	0000 to 270E	Read-Only	Analog Input Registers
40001-49999	0000 to 270E	Read-Write	Analog Output Holding Registers

Til þess að geta nálgast upplýsingarnar er send út skipun (e. function code) sem segir til um hvort það eigi að lesa eða skrifa í minnistöflunar en tafla 6 sýnir allar þær skipanir sem Modbus hefur að geyma [58].

Tafla 6: Fuction codes í Modbus samskiptum [58].

Function Code	Action	Table Name
01	Read	Discrete Output Coils
05	Write single	Discrete Output Coil
15	Write multiple	Discrete Output Coils
02	Read	Discrete Input Contacts
04	Read	Analog Input Registers
